



Nefndasvið Alþingis
b.t. lðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/2149
komudagur 2.5.2011

Hvammanga 2. maí 2011

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um frumvarp til laga um Bygðastofnun (ársfundur og stjórnarmenn) 721, mál.

Almennt um frumvarpið.

Markmið frumvarpsins virðist vera sá að auka skiivirkni og draga úr kostnaði við rekstur Bygðastofnunnar sem útaf fyrir sig er jákvætt. Þó vakna ýmsar spurningar um tilgang og tímasetningu framlagningar frumvarpsins nú.

1. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ráðherra hafi skipað nefnd fulltrúa allra stjórnmalaflokka sem sæti eiga á alþingi til þess að endurskoða í heild sinni lánastarfsemi Bygðastofnunar. Þeirri nefnd er ætlað að skila tillögum eigi síðar en 1. maí 2011 Því kemur tímasetning framlagningar þessa frumvarps nokkuð á óvart og spyrja má hvort ekki hefði verið eðlilegra að biða niðurstöðu og tillagna nefndarinnar. Á undanförunum misserum hefur verið rætt um þörf á því að endurskipuleggja og einfalda stoðkerfi atvinnulífsins. Þar hefur rauði þráðurinn einkum verið á þá leið að sveitarfélögin/heimamenn gegni lykilhlutverki í atvinnuþróun og uppbyggingu atvinnulífs á einstaka svæðum. Um þetta var m.a. ályktað á síðasta landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Nú er unnið að gerð landshlutaáætlana þar sem saman koma fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga og ríkisins. Á þeim vettvangi verður m.a. væntanlega fjallað um endurskipulagningu stoðkerfisins. Því væri eðlilegra að fjalla um þessi mál á þeim vettvangi þar sem heildarmyndin er til umfjöllunar.
2. Í athugasemdum er bent á að til greina komi að valnefnd Bankasýslu ríkisins verði falið að tilnefnda tvo fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Í því sambandi vakna spurningar hvort ætlunin sé að áherslur stofnunarinnar verði í auknum mæli á lánastarfsemi og þá mögulega á kostnað þróunarstarfs og rannsókna á sviði byggðamála í ljósi 2. greinar laga nr. 106/1999 þar sem fjallað um hlutverk Bygðastofnunarinnar.
„Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og



atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt [skipulagslögum]". Á þessu má sjá að stofnuninni er ætlað viðamikil faglegt og stefnumarkandi hlutverk í byggðamálum sem fellur utan lánastarfseminnar og því er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að með þeim breytingum sem boðaðar eru verði áherslur stofnunarinnar í auknum mæli bundin við lánastarfsemina á kostnað faglegrar vinnu á sviði byggðamála.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið á þessu stigi.

Virðingafyllst

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri.